

FYRIRSPURN

Viðtakandi: Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Skekkja í sjóðstreymi ársreiknings Reykjavíkurborgar árið 2022

Á fundi endurskoðunarnefndar þann 8. maí 2023 fór fram umræða um ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 vegna skekkju sem tilkynnt var um í Kauphöll þann 5. maí 2023. Nefndin lagði fram svohljóðandi bókun:

„Í fréttatilkynningu Reykjavíkurborgar vegna skekkju í ársreikningi fyrir árið 2022 sem var lagður fram með fyrirvara um breytingar til fyrri umræðu í borgarstjórn þriðjudaginn 2. maí og verður tekinn til seinni umræðu 9. maí segir meðal annars:

„Við endurskoðun reyndust verðbætur í sjóðstreymi oftaldar um 2.492 m.kr. og lántaka vantalin um sömu fjárhæð. Er hér um áfallnar verðbætur á verðtryggt skuldabréf á útgáfudegi að ræða sem lagðar voru við verðbætur í sjóðstreymi í stað færslu á ný lán. Leiðréttingin hefur áhrif á niðurstöðu veltufjár frá rekstri og fjármögnunarhreyfingar í sjóðstreymi. Áhrif á rekstrar- og efnahagsreikning eru engin.“

Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að bregðast við þeirri skekkju sem reyndist vera í ársreikningi Reykjavíkurborgar og kom fram við rýni fulltrúa í endurskoðunarnefnd eftir framlagningu hans í borgarráði. Endurskoðunarnefnd óskaði eftir og fékk kynningu á málinu á fundi sínum hinn 4. þ.m. og telur nú rétt að fjármála- og áhættustýringarsvið greini skriflega ástæður þess að skekkja varð í sjóðstreymi. Endurskoðunarnefnd óskar eftir því að greiningin verði lögð fyrir endurskoðunarnefnd hið fyrsta. Jafnframt telur nefndin nauðsynlegt að strax verði gerð úttekt á innra eftirliti við vinnuferli við gerð reikningskila.“

Svar:

Skekkja í sjóðstreymi ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 kom í ljós í endurskoðunarferli hans þar sem ný lántaka var að hluta flokkuð sem verðbætur. Áhrifin voru þau að ný lántaka ársins var lægri og verðbætur hærri og þar með var veltufé frá rekstri og handbært fé frá rekstri einnig oftalið. Skekkjan hafði hvorki áhrif á rekstrarreikning né efnahagsreikning.



Ástæður villu í sjóðstreymi í ársuppgjöri Reykjavíkurborgar árið 2022:

- Röng bókun – skekkja í bókunarblaði í merkingum sem hjálpa til við að halda utan um hreyfingar á skuldalyklum í efnahag sem notaðar eru við gerð sjóðstreymis.
- Veikleiki í eftirliti við gerð ársreikningsins - afstemming milli verðbóta í sjóðstreymi og verðbóta-/vaxtalykla í rekstri var ekki gerð.

Lýsing á ferli bókunar lántöku í kjölfar skuldabréfaútboðs og hvað fór úrskeiðis við bókun:

Skuldabréfaútgáfa hjá Reykjavíkurborg fer fram með tvennum hætti. Annars vegar með útgáfu skuldabréfa í nýjum skuldabréfaflokki eða með útgáfu í skuldabréfaflokki sem þegar er til (stækkun skuldabréfaflokks). Skuldabréfaflokkar borgarinnar eru skráðir í Kauphöll, bæði verðtryggðir og óverðtryggðir og til mis langs tíma. Þeir bera allir fasta nafnvexti sem voru ákveðnir þegar skuldabréfaflokkurinn var gefinn út í fyrsta skipti.

Útgáfa í skuldabréfaflokki sem þegar er til er algengasta form lántöku hjá borginni og þetta atvik snýr að því þegar lántaka er með þeim hætti, þ.e. þegar lántaka er aukin með útgáfu skuldabréfa í þegar útgefnum skuldabréfaflokki og nær aðeins til útgáfu í verðtryggðum skuldabréfaflokki.

Þar sem verið er að gefa út í skuldabréfaflokki sem þegar er til er það skuldabréf (þ.e. viðbótarútgáfan) selt á uppgjörsgengi (dirty price). Það tekur tillit til ávöxtunargröfu á uppgjörsgengi sem og að skuldabréfið er verðbætt aftur til upphafs dags skuldabréfaflokksins að frádregnum þeim afborgunum sem hafa fallið til áður en viðbótarútgáfan var gefin út. Ný lántaka á þessum tímapunkti samanstendur því af höfuðstól, áföllnum verðbótum frá upphafsdegi skuldabréfaútgáfu að útgáfudegi viðbótarútgáfunnar, áföllnum vöxtum frá síðasta gjalddaga skuldabréfaflokksins og afföllum/yfirverði hafi útboðsvextir verið aðrir en nafnvextir skuldabréfaflokksins.

Dæmi:

Uppgjörsgengi (dirty price)	1,774
Nafnverð	1.515.000.000
Söluverð	2.688.359.538

sem sundurliðast á þessa leið

Höfuðstóll	1.315.813.824
Áfallnar verðbætur	888.464.391
Áfallnir vextir	5.950.402
Verðbætur á áfallina vaxta	4.017.819
Yfirverð	474.113.102
	2.688.359.538

Á uppgjörsgengi skuldabréfaútboðs er nafnverð skuldabréfs sem selt var í útboði skráð inn í skuldabréfakerfið (Navision) og það reiknar upp lánið frá útgáfudegi skuldabréfaflokks til útgáfudags útboðsins og birtir greiðsluröð skuldabréfsins. Þá eru réttar eftirstöðvar valdar í skuldabréfakerfinu og eldri gjalddagar merkjast sem greiddir og bókast þá viðbótarlánið í skuldabréfakerfinu. Samhliða er skuldabréfaútgáfan bókuð með í fjárhagsbókhalda eftir



uppgjöri frá kauphallargögnum og er það ferli handvirkt. Eftir þessar aðgerðir er staða lánsins rétt bæði í skuldabréfakerfi og í fjárhagsbókhaldi.

Í lok mánaðar er keyrð keyrsla í skuldabréfakerfinu sem reiknar upp stöðu lánsins miðað við mánaðarmótin, áfallnar verðbætur og áfallna vexti. Í kjölfarið er keyrð bókunartillaga með niðurstöðum á uppreikningi skuldabréfsins, áfallinna verðbóta og vaxta. Gallinn við þessa keyrslu er að inni í henni eru heildarverðbætur skuldabréfsins frá upphafsdegi skuldabréfa flokksins til mánaðarmóta og áfallnir vextir frá síðasta gjalddaga skuldabréfsins.

Bókunartillagan úr skuldabréfakerfinu er bókuð í fjárhagsbókhaldið en þetta kallar jafnframt á leiðréttingar/bakfærslu vegna verðbóta fram að dagsetningu útboðsins og vegna keyþra vaxta. Það var í þessu skrefi sem ferlið brotnaði varðandi bókunina. Við bókun úr skuldabréfakerfinu er á skuldalykli í fjárhagsbókhaldi bókaður höfuðstóll nýja skuldabréfsins og hann er merkur með N sem táknar nýtt lán. Áfallnar verðbætur úr skuldabréfakerfinu eru bókaðar á skuldalykilinn með merkingunni V inn á lánið sem táknar verðbætur. Þegar leiðréttingin/bakfærslan vegna áfallinna verðbóta frá upphafsdegi skuldabréfaflokks að útgáfudegi viðbótar skuldabréfsins er bókuð verður að merkja hana með V í vidd 6 í fjárhagsbókhaldinu til að lækka þær verðbætur sem bókaðar voru úr skuldabréfakerfinu og flytja þannig áfallnar verðbætur á útgáfudegi yfir á lántöku. Fyrir mistök voru verðbæturnar merktar með N og nettuðu út verðbæturnar sem búið var bóka sem ný lán. Þá stóð aðeins höfuðstóll lánsins eftir sem ný lántaka á skuldalyklinum en allar áfallnar verðbætur voru merktar sem verðbætur tímabilsins. Eins og áður sagði eru þessar merkingar eingöngu gerðar til að halda saman upplýsingum fyrir gerð sjóðstreymis og höfðu því ekki áhrif á stöður í rekstri né efnahag.

Af skuldalyklinum í fjárhagsbókhaldi er gert lánayfirlit þar sem hreyfingar vegna sjóðstreymis eru sundurliðaðar og þá hafa merkingarnar N: *ný lán* og V: *verðbætur* töluverða þýðingu.

Við gerð árshluta- og ársreikninga hefur vinnulagið í hverju uppgjöri verið að yfirfara lánayfirlitið og tryggja að það stemmdi við efnahagslykla í bókhaldi og að sjóðstreymi og efnahagur árs- og árshlutareikninga stemmdi við lánayfirlitið. Það sem vantaði í verklagið var samanburður við vaxta- og verðbótalykla í rekstri.

Viðbrögð við áhættu:

1. Bókunarblöðin hafa verið lagfærð.
2. Uppgjörseild yfirfer í hverju uppgjöri bókanir vegna nýrra skuldabréfa til að tryggja að verðbætur séu rétt bókaðar bæði í rekstri og efnahag.
3. Uppgjörseild stemmir af lykla vegna verðbóta og annarra reiknaðra fjármagnsliða s.s. affalla milli reksturs og sjóðstreymis í hverju uppgjöri. Þetta eru samtals 4 lykjar sem stemma þarf af við sjóðstreymið í hvorum sjóði fyrir sig. Leiðbeiningar og gátlisti hafa verið uppfærð.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Hjálagt:

Viðauki: Nánari skýringar á bókunum í skuldabréfakerfi og fjárhagsbókhaldi



Viðauki: Nánari skýringar á bókunum í skuldabréfakerfi og fjárhagsbókhalði

Yfirlit yfir bókun

Eftirfarandi yfirlit með T reikningum gefur yfirlit yfir hvernig bókun hefði átt að vera. Verðbætur hefðu átt að fá merkinguna N – nýtt lán. Dæmi sem hér er unnið með er stækkun RVK 53 1 í janúar 2023 1.515 m.kr. að nafnverði.

Banki - 1130		Millilykill - 1445 flutningur milli ES og RK	
D	K	D	K
2.688.359.539			2.684.326.999 RK
	4.032.540	1.315.813.824	ES
2.684.326.999		1.368.513.175	ES
		0	
Lán 2610		Áfallnir vextir skammtímaskuld - 2511	
D	K	D	K
Höfuðstóll (N)	1.315.813.824		9.968.221
Verðbætur (N)	888.464.391		
Yfirverð (N) -2614		Þóknun -7346	
D	K	D	K
	474.113.102	4.032.540	

Bókun var með þessum hætti að verðbætur fengu merkinguna V sem þýðir verðbætur.

Banki - 1130		Millilykill - 1445	
D	K	D	K
2.688.359.539			2.684.237.000 RK
	4.032.540	1.315.813.824	ES
2.684.326.999		1.368.513.175	ES
		0	
Lán 2610		Vextir 2511	
D	K	D	K
Höfuðstóll (N)	1.315.813.824		9.968.222
Verðbætur (V)	888.464.391		
Yfirverð -2614		Þóknun -7346	
D	K	D	K
	474.113.102	4.032.539	



Bókun eins og hún er gerð – bókunarblöð og færslur í skuldabréfakerfi

Bókun í fjárhagsbókhaldi:

Dæmi Stækkun RVK 53 1 í janúar 2023 1.515 m.kr. að nafnverði.

Eins og áður hefur verið rakið er um tvíþætta bókun að ræða bæði í gegnum skuldabréfakerfið Navision og með hefðbundnum bókunarblöðum.

Á greiðsludegi útboðs er höfuðstóll lánsins settur inn í skuldabréfakerfið og eftirstöðvar lánsins bókaðar, þá verður til bókunartillaga sem lesin er inn í fjárhagsbókhaldskerfið.

E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	O	P	Q	R	S	T	U	V	W
Lykill	Kostn.	Vid2	Vid3	Vid4	Vid5	Vid6	Vid7	TS	VSK	Mynt	Gjaldeyrissfj.	Fjárhæð	Fjöldi	Gildi	Fjárhæ	Fjárhæ	Texti	Dags.re
1445					23690000					ISK	1.315.813.820	1.315.813.820	0	0	0		0 Skuldabréfaflokkurinn RVK 531	17.1.2023
2610					23690000 N					ISK	-1.315.813.820	-1.315.813.820	0	0	0		0 Skuldabréfaflokkurinn RVK 531	17.1.2023

Einnig er bókað á greiðsludegi með hefðbundnu bókunarblaði inngreiðsla lánsins, hér er tekið tillit til að bókun höfuðstóls er bókaður í gegnum skuldabréfakerfið og því er mismunur bókunar settur á 1445 og þar er svo fyrir bókun skuldabréfakerfisins (sjá T reikninga að ofan)

Fjármálaskrifstofa										<input type="radio"/> Millifærsla <input type="radio"/> Tekjuskráning <input type="radio"/> Sjóðfærsla <input type="radio"/> Lokafærsla	
Framkvæmda- og eignasvið										2023-1	
Hreinsa skráningu			Millifærsla							17.1.2023	
Vídd 0	Vídd 1	Vídd 2	Vídd 3	Vídd 4	Vídd 5	Vídd 6					
Lykill	Vídd 1	Vídd 2	Vídd 3	Vídd 4	Lánsnr.	Vídd 6	Víð sk. nr.	Texti	D/K	Fjárhæð	
1445								Stækkun á RVK 53 1 nafnverð 1515	D	1.368.513.175	
2511								Áfallnir vextir vegna stækkunar á RVK 53 1	K	9.968.221	
2610					23690000	N		Áfallnar verðbætur	K	888.464.391	
2614					23690000	N		Afföll/yfirverð	K	474.113.102	
7346	1500	15300	15300					Arion banki þóknun vegna sölu á RVK 53 1	D	3.992.613	
7346	1500	15300	15300					Kvika banki þóknun vegna sölu á RVK 53 1	D	39.926	
										Samtals DEBET:	1.372.545.714
										Samtals KREDIT:	1.372.545.714
Kjringar: Karl Einarsson										0	

Á greiðsludegi er líka útbúið bókunarblað þar sem áfallnir vextir lánsins eru bakfærðir og áfallnar verðbætur bakfærðar (skuldabréfakerfið kemur með uppreikning á því í lok mánaðar). Hreyfingar á skuldalykli lána eru notaðar við gerð sjóðstreymis og tryggja þarf að bakfærsla verðbóta sé ekki merkt N, sem merkir nýtt lán í bókhaldi og flokkast þannig í sjóðstreymi í vídd 6 heldur þarf hún að vera á V í vídd 6 sem merkið verðbætur. Skuldabréfakerfið merkir áfallnar



verðbætur frá upphafsdegi skuldabréfaflokksins að uppreiðningsdegi sem verðbætur og því verður að bakfæra á móti því þær verðbætur sem voru þegar áfallnar á útgáfudegi viðbótarútgáfu skuldabréfsins. Það má líta svo á að þær hafi verið keyptar og sem hluta af lántökunni

Mistökinn sem gerð voru var að bóka áfallnar verðbætur sem verðbætur en ekki sem nýtt lán því voru verðbætur hærri í sjóðstreymi og lántaka lægri. Staðan á bókhaldslyklum í rekstri og efnahag var rétt en ekki þær merkingar sem notaðar eru sem hjálpartæki til að draga fram hreyfingar í sjóðstreymi.

Framkvæmda- og eignasvið										2023-1	
Hreinsa skráningu										31.1.2023	
Millifærsla											
Vidd 0	Vidd 1	Vidd 2	Vidd 3	Vidd 4	Vidd 5	Vidd 6	Við sk. nr.	Texti	D/K	Fjárhæð	
2511								Áfallnir vextir vegna stækkunar á RVK 53 1 bakf.	D	9.968.221	
7340	1500	15300	15300					Áfallnir vextir vegna stækkunar á RVK 53 1 bakf.	K	9.968.221	
2610					23690000	N		Áfallnar verðbætur v sölu á RVK 53 - bakfærðar	D	888.464.391	
7342	1500	15300	15300					Áfallnar verðbætur v sölu á RVK 53- bakfærðar	K	888.464.391	
									Samtals DEBET:	902.317.612	
									Samtals KREDIT:	902.317.612	
Skráringar: Karl Einarsson										0	

Bókunarblað í enda mánaðar eins og það á að vera, bóka lækkun á verðbótum upphaflega bókun verðbóta sem nýtt lán (N) heldur sér.

Framkvæmda- og eignasvið										31.1.2023	
Hreinsa skráningu										31.1.2023	
Millifærsla											
Vidd 0	Vidd 1	Vidd 2	Vidd 3	Vidd 4	Vidd 5	Vidd 6	Við sk. nr.	Texti	D/K	Fjárhæð	
2511								Áfallnir vextir vegna stækkunar á RVK 53 1 bakf.	D	9.968.221	
7340	1500	15300	15300					Áfallnir vextir vegna stækkunar á RVK 53 1 bakf.	K	9.968.221	
2610					23690000	V		Áfallnar verðbætur v sölu á RVK 53 - bakfærðar	D	888.464.391	
7342	1500	15300	15300					Áfallnar verðbætur v sölu á RVK 53- bakfærðar	K	888.464.391	
									Samtals DEBET:	902.317.612	
									Samtals KREDIT:	902.317.612	
Skráringar: Karl Einarsson										0	



Hér sést bókun skuldabréfakerfisins í lok mánaðarins. Skuldabréfakerfið bókar verðbætur m.v. lok janúar. Bókunarblaðið hér að ofan bókar 888.464.391 kr. á móti áföllnum verðbótum svo þær verða 6.758.940 kr í lok janúar sem eru þá verðbætur frá 17. janúar til 31. janúar.

2610				23690000 V		ISK	-895.223.331	-895.223.331
7342	1500	15300	15300	23690000		ISK	895.223.331	895.223.331

Einnig bókar skuldabréfakerfið vexti, bókunarblaðið að ofan bókar vextina á móti 9.968.221 kr og nýir vextir verða 13.782.132 kr. svo nettó vextir frá 17. janúar til 31. janúar eru 3.813.911 kr.

2511						ISK	-13.782.132	-13.782.132	0	0	0	0	Áfallnir vextir skbr.23690000L	31.1.2023
7340	1500	15300	15300			ISK	13.782.132	13.782.132	0	0	0	0	Áfallnir vextir skbr.23690000L	31.1.2023
2511						ISK	13.782.132	13.782.132	0	0	0	0	Bakf. Áfallnir vextir skbr.23690000L	1.2.2023
7340	1500	15300	15300			ISK	-13.782.132	-13.782.132	0	0	0	0	Bakf. Áfallnir vextir skbr.23690000L	1.2.2023

Inngreiðsla lánsins er í RK á reikning 56 og því þarf að bóka þá inngreiðslu og á millilykill 1445

RK		Millifærsla								17.1.2023	
Hreinsa skráningu											
Vidd 0	Vidd 1	Vidd 2	Vidd 3	Vidd 4	Vidd 5	Vidd 6	Vid sk. nr.	Texti	DK	Fjárhæð	
Lykill	Vidd 1	Vidd 2	Vidd 3	Vidd 4	Lánsnr.	Vidd 6					
1445								Stækkun á RVKN 35 1 nafnverð 300	K		
1445								Stækkun á RVK 53 1 nafnverð 1515	K	2.684.326.999	
1130					56			Stækkun á RVKN 35 1 nafnverð 300 og RVK 53 1 nafnverð 1515	D	2.684.326.999	
									Samtals DEBET:	2.684.326.999	
									Samtals KREDIT:	2.684.326.999	

Lánayfirlit

Lánayfirlit nýtt – lántaka nú er því 1.315 m.kr. + 888 m.kr. bæði merkt N í bókahaldi og verðbætur eru 187 m.kr. í janúar á allan skuldabréfaflokkinn.

7	2610 Innlend lán verðtryggð:									
8	2610	23616000	Sömunarsjóður lífeyrisré	0				0	0	0
9	2610	23690000	RVK 53 01 (RVK 09 1)	27.329.979.284	1.315.813.820	888.464.391		187.042.277	29.721.299.772	185.262.769

Gamla lánayfirlit hefði verið svona þegar verðbætur voru bókaðar V og því færðar yfir rekstur

Lykill	Lánveitandi-nr. láns	Staða 01-01	Nýlán	Afb. ársins m. verðb.	Áf. verðbætur	Uppreiknað	Áfallnir vextir			
1			N				2511			
7	2610 Innlend lán verðtryggð:									
8	2610	23616000	Sömunarsjóður lífeyrisré	0		0	0	0	0	0
9	2610	23690000	RVK 53 01 (RVK 09 1)	27.329.979.284	1.315.813.820	1.075.506.668	29.721.299.772			185.262.769

Lánayfirlit hefur verið unnið upp úr skuldabréfakerfi og fjárhagsbókahaldi.